Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
24. júní 2010
25. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA

Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600

Opið frá kl. 11:30 - 23:00 alla daga!

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin!

Faktorshúsið
Hæstakaupstað

Búa í sveitasælu á Spáni

Þórdís Guðmundsdóttir og Halldór Guðmundsson létu tveggja áratugalangan draum rætast er þau fluttu frá Ísafirði til Spánar fyrir þremur árum. Þau dvelja nú á veturna í sveitasælu við sítrónu- og appelsínuakra en á sumrin snúa þau aftur heim til Íslands og njóta friðarins í sumarbústað í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi. Búferlaflutningarnir gengu þau ekki áfallalaust þar sem nýkeyptu hjólhýsi þeirra var stolið á ferðalaginu að nýju heimili. Í miðopnu segja Þórdís og Halldór frá lífinu á Spáni.

Ljósm: Ágúst G. Atlason.

Þátttaka í kvennahlaupinu var svipuð og í fyrra.

Góð þátttaka í kvennahlaupinu

Hátt á þriðja hundruð konur tóku þátt í Kvennahlaupi ÍSÍ á Ísafirði í ár og er það svipuð þátttaka og á síðasta ári. Konur frá hinum ýmsu stöðum á landinu og heimshlutum m.a. frá Kamerún tóku þátt í hlaupinu á Ísafirði í ár. Guðný Stefanía Stefánsdóttir sá um upphitun áður en lagt var af stað í hlaupið. Síðustu ár hefur verið gott veður þegar hlaupið fer fram og svo var einnig nú, og var hitastigið 15°. Á vef blakfélagsins Skells, sem séð hefur um umsjón hlaupsins á Ísafirði undanfarin ár, segir að í forskráningu á Silfurtorgi hafi þrír Hollendingar verið svo hrifnir af litunum á bolunum að þeir skráðu sig í hlaupið og keyptu boli. Fannst þeim ekkert tiltökumál þó það stæði kvennahlaup á þeim, þeir mættu hins vegar ekki í hlaupið. Að auki keypti íslenskur veitingamaður bol og ætlaði að klæðast honum á hlaupdag til að styðja konur. Góð þátttaka var í hlaupinu sem fór fram í 21. sinn á laugardag. Um 15.500 konur tóku þátt á 94 stöðum um allt land, þar ellefu á Vestfjörðum, og á um 18 stöðum erlendis. Boðið var upp á mismunandi vegalengdir allt frá 2 km upp í 21 km. Mikil og góð stemning var hjá þátttakendum þar sem ömmur, mömmur, dætur og vinkonur hreyfðu sig og skemmtu sér saman. Yfirskrift hlaupsins var „Konur eru konum bestar“ og var unnið í samstarfi við Kvenfélagasamband Íslands sem fagnar 80 ára afmæli sínu á árinu.

Vel heppnuð útskrift á Hrafnseyri

Fyrstu meistaranemar í haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða útskrifuðust úr Háskólanum á Akureyri við hátíðlega athöfn á Hrafnseyri við Arnarfjörð þann 17. júní. „Þetta var mjög vel heppnuð athöfn. Við mættum þarna nokkrum mínútum áður en athöfnin átti að hefjast og ákváðum að slá til og færa hana út og hafa hana utandyra. Það reyndist síðan bara mjög vel, veðrið var eins besta var á kosið, Arnarfjörður spegilsléttur og allt gekk eins og í sögu,“ segir Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða. Útskrifaðir voru átta meistaranemar í haf- og strandsvæðastjórnun en um tveggja ára nám

er að ræða. „Lektor Háskólans á Akureyri mætti og afhenti nemendum útskriftargögn og menntamálaráðherra tók einnig þátt í athöfninni,“ segir Peter.

Að sögn Peters var góð mæting og vel setið á pallinum við torfbæinn. „Við komum ræðupúltinu síðan fyrir í brekkunni og það tókst allt vel, fólk þurfti bara að klífa brekkuna til að komast að. Þessi útskrift verður lengi höfð í minningunni, allt mjög afslappað og einn nemandinn, sem hefur útskrifast nokkrum sinnum áður, komst svo að orði að þetta væri besta útskrift sem hann hefur tekið þátt í ,“ segir Peter Weiss hjá Háskólasetri Vestfjarða.

– kristjan@bb.is

Sýning um sögu Hlífar opnuð

Fjöldi manns sótti sýninguna Kvenfélagið Hlíf í 100 ár sem var opnuð í Safnahúsinu á Ísafirði á laugardag. Um er að ræða sögusýningu um starfsemi Hlífar en félagið fagnaði aldarafmæli í mars. „Ég vil hvetja fólk til að koma á sýninguna og sérstaklega konur því þetta er fremur kvenleg sýning,“ segir Anna Karen Kristjánsdóttir, formaður Kvenfélagsins Hlífar. Á sýningunni afhentu Hlífarkonur Skjalasafninu gamlar gerðarbækur, skjöl og gögn frá stofnun félagsins 1990 og færðu Byggðasafni Vestfjarða tvo kaffipotta sem notaðir á uppákomum Hlífar fyrir fjölda ára. Þá var sýnd mynd með sýnishorni úr samsæti félagsins frá árinu 1984 og viðtal við elstu Hlífarkonuna, Herdísi Albertsdóttur.

Sagnfræðingurinn Guðfinna Hreiðarsdóttir aðstoðaði Hlífarkonur við uppsetninguna á sýningunni og skráningu á sögu félagsins sem kom fram í afmælisriti fyrr í ár. Að sögn Önnu Karenar eru Hlífarkonur mjög ánægðar með útkomuna. Þjóðbúningafélag Vestfjarða kemur einnig að sýningunni og sýnir nokkra búninga.

Kvenfélagið Hlíf varð 100 ára laugardaginn 6. mars en það var árið 1907 sem konur hér í bæ sáu að víða var fátækt sérstaklega hjá gömlu fólki og einstæðingum. Þær bundust þá samtökum um að hlúa að eldri borgurum t.d. með matarveislum. Árið 1910 stofna þær síðan félag um starfsemina. Það má því segja að samætið sé upphaf þess að Kvenfélagið Hlíf var stofnað.

Kvenfélagið hefur á þessum hundrað árum verið órjúfanlegur hluti af menningu og sögu Ísafjarðar. Það hefur staðið fyrir margskonar uppákomum í bænum, bæði til skemmtunar og til fjáröflunar fyrir félagið. Sýningin verður opin á opnunartíma Safnahússins til föstudagsins 2. júlí. Kvenfélagið mun bjóða gestum upp á kaffi, kleinur og pönnukökur á meðan sýningu stendur.

Frá opnun sýningarinnar.

Samkaup úrval

góðir grannar

...sjá öll tilboð á **samkaupurval.is**

139 kr. stk. Nautahamborgarar
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

1.989 kr. kg Grill lamba-
kótilettur frá **Kjötseli**

359 kr. stk. Baby Rays BBQ
sósur, 510g

2.239 kr. kg Nauta "Rib Eye"
úr kjötborði eða pakkað ferskt

1.989 kr. kg Grill lambalæris-
sneiðar frá **Kjötseli**

1.119 kr. kg Kalkúnagrill-
sneiðar, grillpoki frá Ísfugli

1.574 kr. kg Hunangsgrísa-
kótilettur, léttreyktar frá **Goða**

944 kr. kg Grill pylsur
Bratwurste frá **Kjötseli**

899 kr. pk. Helen Harper bleiur
junior 22 stk., midi 30 stk., maxi 26 stk.

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

P & Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Alltaf haft áhuga á kvikmyndum

Ísfirðingurinn Fjölnir Baldursson hefur fengist við ýmislegt á starfsævinni. Til að mynda hefur hann rekið veitingastaðinn Tæ Væ á Ísafirði, hótel á Austfjörðum, starfað sem kokkur á sjó og við þróunarhjálp í Afríku. Að eigin sögn segist hann hafa gaman af því að breyta reglulega til. Eitt hefur þó legið í gegnum alla ævi hans eins og rauður þráður en það er áhuginn á kvikmyndagerð. Gegnum tíðina hefur hann myndað gríðarlegt magn af efni sem margt er orðið að sögulegum heimildum í dag.

Nú er Fjölnir með ýmis járn í eldinum hvað varðar kvikmyndatökur, til dæmis stuttmynd sem byggð er á eigin reynslu og heimildamynd um föður hans, hinn ástsæla og landsþekkta tónlistarmann Baldur Geirmundsson (BG).

Bæjarins besta spjallaði við Fjölni og komst að því að hann hefur haft áhuga á kvikmyndagerð frá því að hann man eftir sér.

„Við Dúi í bíóinu [Steinþór Friðriksson] vorum æskufélagar og ætluðum báðir í kvikmyndabransann þegar við yrðum eldri. En svo fór það nú aðra leið. Þegar ég var um 15 ára lenti ég á kant við lögin og þjóðfélagið og var í eintómum krísum út af atburðum sem gerðust þegar ég var 11 ára. Það leiddi til þess að maður var nánast óvirkur þjóðfélagsþegn í fimmtán ár. En síðan rann af mér hef ég alltaf verið að taka upp.“

Ætlar að gera upp fortíðina í stuttmynd

Ásamt því að vinna ýmis störf hefur Fjölnir alltaf verið með annan fótinn við kvikmyndagerð.

„Ég vann í nokkur ár í myndbandavinnslu og tók upp brúðkaup og annað slíkt. Ég er alltaf að taka upp og á töluvert safn af myndum. Eitthvað af því hef ég sett á netið, eins og t.d. gamla auglýsingu frá Tæ Væ.

Núna er ég að vinna í þremur heimildamyndum og næsta vetur stefni ég að því að gera leikna stuttmynd um þá atburði sem mörkuðu líf mitt þegar ég var 11 ára. Ég ætla að gera upp fortíðina.

Það fer þó mikið eftir því hvort ég fái styrk hvort ég geti gert það, því svona lagað kostar mikinn pening. Ég hef þó nú þegar unnið töluvert í þessu og er nánast kominn með endanlegt handrit. Ég er líka með nokkra leikara í sigtinu.

Líka er ég með í vinnslu heimildamynd um pabba en það er langtímaverkefni. Ég tek allt upp sem ég næ af honum og það ætti því að vera til nóg efni í myndina þegar ég ræðst loks í gerð hennar.

Svo ætla ég að heimsækja alla bæi á Vestfjörðum í sumar og gera stuttar myndir um ýmsa staði og fólk á hverjum stað. Eins og t.d. matsölustað eða fólk sem er að gera einhverja sniðuga hluti. Þetta er svipað og ég hef verið að gera í Bolungarvík og á Þingeyri þegar ég heimsótti Bjarnabúð og Simbahöllina. Þessar myndir set ég síðan á netið og hef fengið mikið af viðbrögðum frá erlendu fólki. Ég er alveg viss um að svona hlutir eiga eftir að skila túristum til Vestfjarða. Þetta er góð kynning og ég er viss um að í framtíðinni eigi fólk eftir að kynna sér tilvonandi ferðastaði á Youtube og slíkum síðum á netinu. Ég sá einmitt svo fallegt myndband frá Tælandi og er alveg viss um að ef ég fer til landsins muni ég fara til eyjunnar þar sem myndbandið var tekið.

Núna ætla ég að nota sumarfríið mitt í að taka stuttar myndir tvist og bast um Vestfirði og klippi þær síðan saman í vetur.“

– Fer ekki allur frítími í þetta?

„Jú, og mikill peningur líka. Konan mín segir oft við mig að ég sé elsti unglingurinn í bænum og geri allt sem mér dettur í hug, en kvikmyndagerðin er það eina sem ég hef verið að fást við alla ævi.“

Tók myndir af kvikmyndatökum

Fjölnir hefur verið að taka kynningarmyndbönd af gerð vestfirsku kvikmyndarinnar Vaxandi tungl og birt á myndbandasíðunni youtube.com.

„Það var virkilega skemmtilegt að kynnast þessum bransa og fólkinu sem kemur að þessu. Ég er farinn að hlakka til að klára það verkefni en ég mun einnig taka upp myndbönd í sumar þegar lokið verður við tökurnar. Að sjá hvernig svona tökur fara fram mun hjálpa mér mjög mikið í minni kvikmyndagerð.“

Fjölnir segir að ekkert efni sé sér óviðkomandi þegar kemur að kvikmyndagerð.

„Ég hef þó lítinn áhuga á að taka bara myndir af náttúrunni, ég vil mannlegt efni. Hér fyrir vestan er fullt af fólki að gera sniðuga hluti. Nágranna þeirra finnst kannski þessi uppátæki vera heimskuleg en svo er fólk úti í heimi sem finnst þau frábærir. Því finnst mér frábært að geta komið þeim á framfæri á netinu til þeirra sem kunna að meta það.

Fjölnir Baldursson.

Ef einhverjir eru að gera eitthvað sem þeir vilja koma á framfæri, þá geta þeir hringt í mig. Það getur verið hvað sem er. T.d. las ég í BB að strákur hefði gert hljóðver úr svefnherberginu sínu og ég varð svo hrifinn að ég hafði samband við hann og spurði hvort ég mætti ekki mynda þetta. Það varð úr að ég gerði þriggja mínútna mynd um þetta sem ég setti á netið. Það skondna var að þegar ég hitti gaurinn kom í ljós að hann er sonur skólasystur minnar og býr í sömu götu og ég. Það vill nefnilega oft vera svo að einhver er að gera eitthvað sniðugt í nánasta nágrenni manns án þess að maður hafi hugmynd um það.“

Verður enn að klippa efni á elliheimilinu

Fjölnir hefur fengið töluverð viðbrögð við myndböndunum sem hann hefur sett á veraldarvefinn.

„Ég hef mikið verið fyrir austan en báturinn sem ég vinn á landar oft þar, og eitt sinn er ég var þar tók ég yfirlitsmynd af Djúpavogi. Bæjaryfirvöld voru svo hrifin af þessu uppátæki mínu að þeir settu myndina inn á vef sveitarfélagsins. Nú er mér heilsað þegar ég geng um bæinn þar sem allir virðast kannast við Fjölni sem gerði myndbandið,“ segir Fjölnir og hlær. „Allir bæjarbúar virðast hafa séð þetta og ég fékk fyrirspurn frá einhverjum Rússa um það hvar þessi bær væri en hann ætlar að fara þangað í sumar eftir að hafa séð myndbandið. Svo Djúpavogsbúar fá allavega einn túrista út á þetta.“

Fjölnir er sífellt með verkefni í vinnslu.

„Nú er ég t.d. að vinna í upptökum frá Aldrei fór ég suður í ár. Önni í Tanknum tók upp hljóðið og er að mixa það fyrir mig. Svo munum við gefa það út á netinu með miklum hljóðgæðum. Það er alveg grundvallaratriði að hljóðið sé gott.

Ég hef líka tekið mikið af myndum úti á sjó og á nú myndir af um hundrað bátum. Fyrir tveimur árum tók ég mynd af bátnum sem ég er á og setti hana fyrir rælni á netið. Ég ætlaði ekkert að hafa þetta lengi á netinu og hugsaði það aðallega fyrir skipsfélagana svo þeir gætu horft á þetta heima hjá sér. En svo fékk ég viðbrögð alls staðar að úr heiminum. Mörgum finnst þetta spennandi efni því þetta er svo ólíkur heimur frá því sem þeir þekkja.

Svo er stelpan mín að spila fótbolta og ég hef tekið mikið af myndum bæði á æfingum og í mótsferðum sem ég hef klippt saman. Stelpunum mun örugglega þykja vænt um að eiga til slíkt efni þegar þær verða eldri.

Ég á alveg ógrynni af efni og þegar ég er kominn á elliheimili get ég setið fyrir framan tölvuna og klippt allt til sem ég hef ekki komist í áður. Það kostar líka sitt að geyma þetta mikla magn, ég set þetta inn á flakkara og þeir kosta nú skildinginn. Ég er með eitthvað um fimmtán flakkara heima. Að auki er ég einungis búinn að yfirfæra um einn fjórða af því efni sem ég átti á myndbandi á tölvutækt form,“ segir Fjölnir, sem án efa á eftir að bæta duglega í safn sitt áður en hann flyst á elliheimilið í fjarlægri framtíð.

– thelma@bb.is

Sameining gæti þýtt 70 milljóna króna lækkun í skrifstofuhaldi

Kostnaður við bæjarskrifstofur og meðferð sveitarstjórnarmála gæti lækkað um 70 milljónir við sameiningu Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur.

Kostnaður við bæjarskrifstofurnar í Bolungarvík, Súðavík og Ísafjarðarbæ er um 243 milljónir króna á ári og annar sameiginlegur kostnaður um 84 milljónir. Þetta kemur fram í skýrslu 100 daga nefndarinnar svokölluðu en þar segir að við sameiningu megi gera ráð fyrir því að kostnaður sem sé við skrifstofuhald og annan sameiginlegan kostnað muni lækka. Er miðað við að sameiginlegur kostnaður verði um 70 milljónum króna lægri, sem einkum felst í lækkun á kostnaði við bæjarskrifstofur og meðferð sveitarstjórnarmála. Gert er ráð fyrir því að skrifstofa litlu umfangsmeiri en skrifstofa Ísafjarðarbæjar er í dag, geti annast þau verkefni sem unnin eru á skrifstofum sveitarfélaganna í dag. Mannahald og skipulag tæki þannig mið af núverandi skipan starfsmannahalds í Ísafjarðarbæ.

„Hér er ekki verið að gefa í skyn að vinnan verði öll unnin af núverandi starfsfólki Ísafjarðarbæjar, heldur yrði skipulagi starfseminnar með þeim hætti vinna mætti öll verkefni sem falla undir sameiginlegan kostnað með þeim fjölda stöðugilda sem nú eru að störfum í Ísafjarðarbæ. Þetta hefur þó ekki í för með sér að ígildi alls sameiginlegs kostnaðar í Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi félli niður," segir í skýrslunni.

Þar segir einnig að sérhæfing í þjónustu sveitarfélaga sé mismikil. Í sumum sveitarfélögum sinnir skrifstofa sveitarfélagsins verkefnum, sem sérhæft starfsfólk annast í öðrum sveitarfélögum. Þá eru ýmis verkefni þess eðlis að hagkvæmara þykir að skrifstofa sveitarfélagsins sinni þeim miðlægt.

Samkvæmt ársreikningi Ísafjarðarbæjar er um 11,4 m.kr. færðar sem tekjur á skrifstofu bæjarins og þar með kostnaður á hinar ýmsu rekstrareiningar. Sambærileg upphæð er 10,8 m.kr. í Bolungarvíkurkaupstað og 4,2 m.kr. í Súðavíkurhreppi. Í heild eru rúm 322 stöðugildi í sveitarfélögunum þremur, tæp 260 í Ísafjarðarbæ, tæp 50 í Bolungarvíkurkaupstað og um 13 í Súðavíkurhreppi. Í sameinuðu sveitarfélagi stæðu um 16 íbúar að baki hverjum starfsmanni sveitarfélagsins. Til samanburðar voru 19.432 stöðugildi hjá sveitarfélögum landsins 2008, sem samsvarar um 16,5 íbúum að baki hverjum starfsmanni. Sameinað sveitarfélag yrði með um 5.100 íbúa.

Besta verðið á borgarstjórasvítunni

Á Hótel Núpi í Dýrafirði hefur verið tekin í notkun svokölluð borgarstjórasvíta en þar er um að ræða herbergið sem Jón Gnarr dvaldi í þegar hann var í skóla að Núpi. „Við höfum ákveðið að leigja út gamla pönkaraherbergið hans Jóns Gnarr og verður það ódýrara en önnur herbergi, sem sagt hefur besta verðið," segir Sigurður Arnfjörð Helgason sem rekur Hótel Núp ásamt bróður sínum Guðmundi Helgasyni.

„Eflaust hafa einhverjir áhuga á að dvelja í gamla herberginu hans Jóns en hann var pönkari þegar hann var hér í skóla og þekktur fyrir að hrækja í lófann til að smyrja hanakambinn, síðan eru liðin mörg ár." Bræðurnir á Núpi skora Jón Gnarr til að snúa aftur til Núps við tækifæri og rifja upp, þó ekki sé nema bara margföldunartöfluna, fyrir erfið verkefni Reykjavíkurborgar sem eru framundan.

Spurningin

Hvert ætlar þú í sumarrfí

Alls svöruðu 338.
Innanlands sögðu 201 eða 59%
Erlendis sögðu 54 eða 16%
Fer ekki í frí sögðu 83 eða 25%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hæg breytileg átt eða hafgola. Víða þurrt og bjart austan til, ennars dálítil rigning eða súld. Hiti10-18 stig.
Horfur á laugar-dag: Hæg breytileg átt eða hafgola. Víða þurrt og bjart austan til, ennars dálítil rigning eða súld.
Horfur á sunnudag: Mild suðaustlæg átt og þurrt.

Halldór Halldórsson.

„Eðlilegt að reyna nýjar leiðir"

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir það liggi fyrir vilji sveitarfélaga til að láta reyna á persónukjör. Sjálfur kveðst hann hlynntur því að breyta aðferðum landsmanna við val á fulltrúum enda sé sjálfsagt og eðlilegt að reyna nýjar leiðir í kosningum. „Kjósendur vilja það og við sem einhver áhrif höfum á það eigum að vinna að því að betrumbæta kosningakerfið og auka lýðræðið og lýðræðisvitundina," segir í bloggfærslu Halldórs um persónukjör. Máli sínu til rökstuðnings vitnar hann í leiðara sem hann skrifaði fyrir tímaritið Sveitarstjórnarmál í september í fyrra um persónukjör.

„Það er mat undirritaðs að íbúar hafi á tilfinningunni að þeir hafi meiri áhrif á málefni sveitarfélaga en ríkisins. Þess vegna hefur umræðan um persónukjör og breyttar aðferðir við kosningar snúist enn frekar um val á fulltrúum á Alþingi heldur en til sveitarstjórna. Og með það í huga er frekar undarlegt að ekki hafi verið boðið upp á persónukjör í alþingiskosningunum í vor. En umræðan snýst líka um sveitarstjórnir og það er áhugi hjá sveitarstjórnarmönnum að stíga myndarleg skref til þess auka áhrif og völd íbúanna."

Halldór er einnig formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og kunnugt er en sambandið hefur lagt til að auglýst verði eftir tilraunasveitarfélögum til að gera tilraunir með persónukjör og í framhaldi af því ákveða hvaða leið væri vænlegust „Á okkar vettvangi hefur verið rætt um hvort gera eigi tilraun í nokkrum sveitarfélögum frekar en að byrja með þetta í öllum sveitarfélögum landsins á sama tíma. Ekki er verið að útiloka að breytt lög nái til allra sveitarfélaga en það er spurning með svona mikla breytingu hvort ekki eigi að gera tilraun fyrst hjá þeim sem gefa sig fram sem tilraunasveitarfélög."

Ritstjórnargrein

Burt með bruðlið!

Margoft hefur sannast að erfiðara sé að gæta fengis fjár en afla þess. Gott dæmi þar um í sögu þjóðarinnar er tímabilið 1998 til 2007 þegar tekjur ríkisins jukust um ríflega 46%. Hygginn bóndi hefði hugsað til mögru áranna, sem reglubundið láta á sér kræla í öllum hagkerfum. Svo var ekki gert. Stjórnvöld brugðust. Útgjöld ríkisins hækkuðu um 32% á föstu verðlagi. Allir trúðu að allt léki í lyndi, við værum stærstir og bestir og myndum geta baðað okkur í peningum um alla framtíð. Aðvörunarorð um hið gagnstæða voru sagðar öfund. Allt var þó ekki á einn veg: Á meðan ríkisbáknið belgdist út sem aldrei fyrr á heildina litið voru greinar þess í dreifbýlinu hoggnar af reglubundið.

En, eins og dagur líður að kveldi varð ekki undan komist.

Þjóðin vaknaði – veruleikahrollurinn sem við tók situr fast í þjóðarvitundinni.

Úr því sem komið er bætir ekki úr skák að velta sér stöðugt upp úr því hverjir bera ábyrgð á óráðssíunni eða hverjir bera nú þann kross að „ráðast í svakalegri niðurskurð en áður hefur þekkzt," eins og ritstjóri Fréttablaðsins orðaði það. Verkefnin bíða og verða ekki leyst með endalausu þjarki um fortíðina.

Verra er ef menn hafa ekkert lært. Umræðan á Alþingi ber því vitni. Á almenningur virkilega að trúa því að afstaða þingmanna til fækkunar ráðuneyta, stórfellds sparnaðar í ríkisrekstri, fari eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu; hvort fækkar í ráðherraliði „flokksins" eða ekki; hvort líkur séu á það flækist fyrir í baráttu gegn Evrópusambandinu eða hið gagnstæða, að það greiði fyrir aðild? Er þetta boðlegur málflutningur þegar þjóðin þarf að tileinka sér ráðdeild og sparnað? Er þörf á ráðherraliði, sem telur nær fimmtung þingmannafjöldans?

Hvort ráðherrar koma úr röðum þingmanna, eða utan þings, breytir ekki öllu. Ráðherrar úr þingliði eiga hins vegar að láta af þingstörfum. Þar með væru glögg skil dregin á milli framkvæmdavalds og löggjafa. Lávarðadeildin, eins og ráðherraliðið hefur verið kallað, á ekki að hafa atkvæðisrétt á Alþingi.

Hefur einhver tölu á þeim hundruðum (þúsundum?) nefnda sem eru á launaskrá ríkisins; nefnda sem sumar hverjar hafa ekki komið saman svo mánuðum eða jafnvel árum skiptir og enginn man lengur hvaða verkefnum þær áttu að sinna?

Dugir ekki eitt öflugt sendiráð á Norðurlöndunum?

Það verður að ráðast gegn sukkinu í ríkisrekstrinum. Af alvöru. Skilja kjarnann frá hisminu. Í þeim efnum er margs er að gæta. Það gengur til dæmis ekki að þegnunum sé mismunað eftir búsetu, líkt og viðgengist hefur á mörgum sviðum, alltof lengi.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Landeigendur hafa margsinnis boðið upp á viðræður um úrbætur

„Ekki hefur staðið á landeigendum við Látrabjarg hvað varðar vilja til úrbóta svo draga megi úr slysahættu þar. Við höfum meira að segja átt frumkvæðið að því að setja þarna upp viðvörunarskilti og fleira,“ segir Gísli Már Gíslason, formaður Bjargtanga félags landeigenda við Látrabjarg, í samtali við Morgunblaðið en landeigendur eru ókátir með yfirlýsingar sveitarstjóra Vesturbyggðar í kjölfar banaslyss fyrir stuttu þegar þýskur ferðamaður hrapaði fram af brún Látrabjargs. Segja þeir það fráleitt eins og fram hafi komið hjá sveitarstjóranum, Ragnari Jörundssyni, að þeir hafi viljað loka bjarginu fyrir ferðamönnum. Hafi ekki náðst samstaða um merkingar eða gerð göngustíga sakir þess hve margir eigendur séu að svæðinu.

Landeigendur Látrabjargs segja að ekki hafi staðið á þeim hvað varðar vilja til úrbóta svo draga megi úr slysahættu.

Gísli Már segir að eigendur Látrabjargs hafi stofnað félag til þess að koma fram sem einn aðili. Hafi forsvarsmenn þess margsinnis boðið upp á viðræður við Vesturbyggð, Vegagerðina og aðra um úrbætur til að draga úr slysahættu. Segir Gísli þeirra svo sannarlega vera þörf, til að mynda á Hvallátrum þar sem þúsundum bíla sé ekið um hlöðin á ári hverju og oft á talsverðum hraða.

Gísli segir að fróðum mönnum teljist svo til að frá Kvígindisdal í Patreksfirði og vestur á Bjargtanga hafa farist 32 menn frá seinasta banaslysi Látrabjargi 1926. Slysið núna sé það eina sem hefur orðið í Látrabjargi sjálfu, hin slysin hafa orðið annars staðar. Eigendum Látrabjargs hafi alltaf verið ljós hættan sem stafar af umferð um bjargið og brúnir þess og hafa haft frumkvæði að því að draga úr hættunni. Þeir hafa því sjálfri sett upp umgengisskilti á Brunnum þar sem er tjaldstæði í Látravík og á Bjargtöngum til að vara við þeirri hættu sem fylgir því að vera nærri bjargbrún. Til þessa hafi þeir fengið styrki úr Ferðamálasjóði auk heldur sem þeir hafi staðið að skipulögðum ferðum um bjargið með fararstjórum sem þekkja það vel. Frá þessu var greint á mbl.is.

Hjallur af Eyrarhlíð á Byggðasafnið

Fiskhjallur sem staðsettur var fyrir ofan Hnífsdalsveg hefur verið fluttur á Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað. Að sögn Jóns Sigurpálssonar, forstöðumanns safnsins var sóst eftir því að hjallurinn yrði tekin til varðveiðslu en hann var fyrir framkvæmdum sem standa yfir á Hnífsdalsvegi. Hjallinn verður staðsettur á lóð safnsins, fyrir ofan fjöruborðið. Að sögn Jóns er það ekki á áætlun að taka við fleiri hjöllum frá Hnífsdalsvegi, enda hafi bara verið um þennan eina hjall að ræða sem á að hverfa úr hlíðinni.

Hjallurinn við Neðstakaupstað. Tekið skal fram að hjallurinn er ekki á endanlegum stað á myndinni.

Hróðurinn berst út fyrir landsteinana

Aðstandendur tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið, sem fram fer á Ísafirði dagana 22.-27. júní nk., hafa unnið að því jafnt og þétt undanfarin ár að festa hátíðina í sessi sem leiðandi tónlistarhátíð hér á landi. Þrátt fyrir að hátíðin hafi hugsanlega látið lítið yfir sér, hefur hún vakið mikla athygli fyrir metnað, fjölbreytileika, sérstöðu sína og þá fagmennsku sem einkennir skipulag hennar. Nú er svo komið að sá hróður er farinn að berast út fyrir landsteinana og því hefur blaðamaður frá hinu virta tónlistartímariti Classical Music boðað komu sína á hátíðina og mun hann dvelja á Ísafirði nær alla hátíðina. „Það er mikil viðurkenning á því starfi sem unnið hefur verið undanfarin ár, að þetta virta tímarit sendi blaðamann alla leið til okkar í svona langan tíma,“ segir Dagný Arnalds, nýr listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar.

„Hátíðin er einstök hér á landi og sjálfsagt víðar. Hér, vegna áherslunnar á kennslu og samblandi hefðbundinnar vinnu í tónlist og nýsköpunar; erlendis vegna legu hennar og tímasetningar í eilífri birtu um sumarsólstöður. Það er von okkar að með komu blaðamannsins og þeirrar umfjöllunar sem fylgir í kjölfarið opnist ýmsar leiðir fyrir okkur.“ Þar á Dagný við sambönd við listamenn og samstarf við fleiri tónlistarháskóla en nokkur vinna hefur verið lögð í að fá erlenda nemendur á hátíðina til að víkka sjóndeildarhring þeirra íslensku nemenda sem hana sækja.

„En burtséð frá þessu erum við auðvitað bara einstaklega ánægð með dagskrá hátíðarinnar í ár og þátttöku á námskeiðum. Við finnum fyrir mikilli stemmningu fyrir hátíðinni og hún er alltaf að aukast.“

Létu drauminn rætast

Þórdís Guðmundsdóttir og Halldór Guðmundsson fluttu frá Ísafirði til Spánar fyrir þremur árum. Nú dvelja þau á veturna í sveitasælu í landinu sólríka við Miðjarðarhafið en á sumrin snúa þau aftur heim til Íslands og njóta friðarins í sumarbústað í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi.

Bæjarins besta náði á Þórdísi og Halldór (Dúdda) þegar þau voru í heimsókn á Ísafirði áður en þau héldu í sumarbústaðinn við Djúpið og forvitnaðist aðeins um tilveruna á Spáni.

– Hvað kom til að þið tókuð þessa ákvörðun?

„Við fórum til Mallorca árið 1985 þegar við höfðum verið saman í ár, við hugsuðum með okkur að það væri gaman að eiga hús á Spáni. Það má því segja að þetta hafi verið draumur hjá okkur nánast alla okkar sambúð. Við létum svo drauminn rætast og fluttum út árið 2007," segir Þórdís.

„Við búum í Mudamiento sem er nálægt stærri stað sem heitir Almoradí og öðrum sem heitir Rafal. Þetta er ekki langt frá Torrevieja þar sem svo margir Íslendingar búa," segir Halldór.

„Við erum hins vegar uppi í sveit í spænskri húsalengju og allt um kring eru akrar, sítrónu- og appelsínuakrar, og alla handa grænmeti. Það eru eingöngu Spánverjar sem búa þarna, fyrir utan okkur, og við eigum mjög góða nágranna. Þau gefa okkur grænmeti og ávexti, passa húsið fyrir okkur og geyma bílinn okkar inni í bílskúr hjá sér. Þau eru alveg yndisleg.

Hinum megin við okkur búa spænskir sígaunar sem við þekkjum ekki eins vel en þau eru líka voða yndisleg," segir Þórdís.

Aleigunni stolið

Það er ekki hægt að segja að flutningarnir hafi gengið eins og í sögu en Þórdís og Halldór lentu í ýmsum ævintýrum er þau fluttu út til Spánar.

„Þegar við fórum frá Íslandi fórum við með fullan bíl af dóti með Norrænu til Danmerkur. Þaðan fórum við til Þýskalands þar sem við keyptum okkur hjólhýsi og svo keyrðum við í rólegheitunum til Spánar. Ferðin tók okkur um mánuð. Við lentum í ýmsum ævintýrum á leiðinni. Þar ber einna hæst að þegar við vorum nýbúin að festa kaup á húsinu okkar en gistum enn hjá vinafólki var hjólhýsinu okkar stolið eins og það lagði sig þar sem það stóð fyrir utan húsið þeirra. Allt sem við vorum með var horfið. Við stóðum uppi með fötin sem við vorum í, tölvuna og sængurnar okkar og eitthvað smotterí. Allt annað hvarf og við höfum ekki séð það síðan. Þetta var mikið sjokk. Þegar við fluttum inn í húsið okkar í desember 2007 vorum við með allt okkar dót í einni íþróttatösku. Það var allt og sumt sem eftir var," segir Þórdís.

„Það var algengt að bílum væri stolið við ströndina nærri ferðamannastöðunum, það er mun minna um þetta í sveitinni þar sem við búum," segir Halldór.

Hitta Íslendinga öðru hvoru

– Hvað hafið þið fyrir stafni þarna úti?

„Það er nú ýmislegt. Við hjólum mikið þarna og gott er að fá sér göngutúra. Dúddi hefur tvisvar gengið upp á fjallið Callosa sem er í nágrenni við okkur, við köllum það fjallið okkar," segir Þórdís.

„Maður er líka að dytta að húsinu sem við keyptum og Þórdís er mikið í handavinnu," segir Halldór.

„Já, ég hef nýlega byrjað á því að vinna með mósaík og gerði stóran orm á vegginn á húsinu okkar. Ég notaði eingöngu flísar sem ég fann á förnum vegi en þetta er mjög skemmtilegt. Við skoðum okkur líka um í þorpum og bæjum nálægt þar sem við búum. T.d. fórum við til Andalúsíu fyrir stuttu, það var mjög gaman," segir Þórdís.

„Við förum svo öðru hvoru og hittum Íslendinga á þessum tveimur Íslendingastöðum sem eru nærri okkur, Torrevieja og La Marina. Þar er hægt að ganga að þeim vísum á sundlaugarbarnum kl. 15 á föstudögum, einnig er spilað minigolf og veitt verðlaun þeim sem skora best," segir Halldór.

„Já, við reynum að hitta Íslendinga þegar við getum, því miður eru samkomurnar, eða hittingar eins og það er kallað, á sama tíma og því þurfum við að velja á milli þegar við förum. En þarna eru líka haldnar árshátíðir og við mætum að sjálfsögðu á þær.

Svo hef ég bloggað allan tímann sem ég hef verið þarna úti. Ég byrjaði á því svo að börnin, ættingjar og vinir gætu fylgst með okkur en svo hafa bæst við fleiri lesendur sem er mjög gaman. Ég reyni að blogga einu sinni í viku á bloggsíðunni gusti.is/silakot."

Fiskur sem veislumatur

Halldór við bæjarskiltið í bænum þeirra, Mudamiento.

Þórdís við orminn myndarlega sem hún gerði úr mósaíkflísum sem hún fann á förnum vegi.

Halldór og Þórdís segja að jólin séu allt öðruvísi á Spáni.

„Spánverjar eru ekki eins mikið fyrir jólaskreytingar eins og Íslendingar, ef við sjáum hús sem er mikið skreytt á aðventunni getum við verið viss um að þar búi útlendingur. Spánverjar hengja hins vegar út um glugga og á svalir dúka með myndum af Jesúbarninu á. Margir hafa þó talað um að það sé meira skreytt núna en var fyrir nokkrum árum," segir Þórdís.

„Verslunarhverfi eru mikið skreytt en einbýlishúsin ekki. Þeir gera líka mikið af litlum líkönum af sögusviði jólasögunnar sem eru mjög vel gerð," segir Halldór.

„Það er alveg ofboðslega flott að sjá þessi litlu jólaþorp, þetta sér maður í flestum þorpum og það er mikið lagt í þetta," segir Þórdís.

„Spánverjar borða hátíðamáltíð seint á aðfangadagskvöld eða um kl. 10 þegar búið er að loka búðum og halda einnig upp á jóladag en það er ekki haldið upp á annan í jólum. Sjötti janúar er pakkadagur, þá fá börnin jólagjafirnar sínar en kvöldið áður eða 5. janúar er heilmikil skrúðganga, þá koma „Los Reyes Margos" eða kóngarnir þrír með nammi fyrir börnin. Þeir eru á flottum vögnum og margar fígúrur fylgja með í skrúðgöngunni. Þessi hefð er haldin í flestum bæjum og borgum Spánar og það er mjög gaman að fylgjast með þessu. Þegar hátíð er borða Spánverjar mikið af fiski, aðallega skelfisk, og gera alveg svakalega góða fiskirétti. Veislumaturinn er því fiskur en ekki kjöt eins og tíðkast hjá okkur. Þeir elda mikið af rækju, humri og krabba. T.d. eru þeir með risarækju sem kallast gamba sem þeir sjóða og steikja svo á pönnu. Þetta borða þeir síðan með ólífuolíu á brauði sem er mjög gott.

Á gamlársdag eru það helst veitingastaðir sem eru að skjóta upp rakettum. Um síðustu áramót vorum við á kínverskum veitingastað og þar var mikið skotið af kínverjum og rakettum.

Í staðinn fyrir konfekt eins og við eigum að venjast eru þeir með sælgæti sem þeir kalla turron og gert er úr eggjum, flórsykri, hnetum og möndlum. Þetta er þeirra jólakonfekt og boðið er upp á þetta í haugum. Halldór er ekki hrifinn af þessu en fyrir sælkera eins og mig er þetta mjög gott“, segir Þórdís og hlær.

Lærir spænska matargerð af sjónvarpskokki

– Kunnuð þið málið þegar þið fóruð út?

„Nei, varla stakt orð,“ segir Halldór.

„Við kunnum örfáar túristasetningar eins og Takk og Ég ætla fá einn bjór,“ segir Þórdís og hlær. „Við erum farin að skilja mun meira núna, lærum smá af því að horfa á sjónvarpið á kvöldin og svona.“

„Spánverjar nota handapat mjög mikið þegar þeir tala og því getur maður gert sig skiljanlegan við nágrannana með handabendingum,“ segir Halldór.

„Ég horfi daglegan á spænskan kokk í sjónvarpinu og læri af honum spænska matargerð. Spánverjar eru með mjög gott hráefni og það er mjög skemmtilegt að elda úti á Spáni. Þeir gefa sér líka mun meiri tíma til þess og leggja meiri natni í matargerðina,“ segir Þórdís.

„Spánverjar eru mikið fjölskyldufólk, á hverjum sunnudegi kemur stórfjölskyldan í mat til nágranna okkar, sem sagt börnin, tengdabörnin og barnabörnin,“ segir Halldór.

„Það er þó ekki þar með sagt að foreldrarnir bjóði öllum því allir koma með eitthvað og þau borða svo saman. Það er mjög gaman að sjá þetta,“ bætir Þórdís við.

– Er mikil kreppa á Spáni?

„Það er kreppa á Spáni en hún kemur aðallega fram í atvinnuleysi, matvara og annað slíkt hefur ekki hækkað og margt hefur frekar lækkað. Jafnvel þó að krónan hafi staðið svona höllum fæti er samt ódýrara fyrir okkur að búa úti. Maður hefur þó tekið eftir því að ýmislegt hefur dregist saman og búðir hafa lokað og annað slíkt. Það er kreppa þar eins og alls staðar annars staðar,“ segir Þórdís.

„Maður sér mikið af tómum húsum í túristahverfunum þar sem Bretar, Norðmenn, Danir og Þjóðverjar voru áður mikið að kaupa íbúðir. En við verðum lítið vör við kreppu þar sem við búum,“ segir Halldór.

„Það er einna helst að maður sjái það á ökrunum en þeir tína ekki appelsínurnar og sítrónurnar af trjánum ef þeir geta ekki selt þær. Þeir láta þær bara detta niður á jörðina þar sem þær verða að mold aftur eða þá að lömbunum ef gefið þær,“ segir Þórdís.

„Já, þeir fara með heilu bílhlössin að gefa kindunum, það má segja að það séu appelsínulömb,“ segir Halldór brosandi.

Fiestur og siestur Spánverja

– Voru það ekki mikil viðbrigði að flytja út?

„Jú, þarna er allt önnur menning en við þekkjum frá Íslandi og hitastigið yfir veturinn er svipað og það er hérlendis á sumrin.

„Það eru um 15 stig á daginn yfir veturinn en það getur farið alveg upp í 30-40 stig á sumrin. Það er of heitt fyrir okkur og því komum við heim til Íslands á sumrin,“ segir Halldór.

„Það var nú orðið ansi heitt þegar við komum í lok maí en þá var hitinn kominn upp í 35 gráður. Yfir veturinn er einungis kalt á næturnar en á morgnana eftir að sólin kemur upp opnum við glugga og dyr til þess að hleypa hitanum inn. Þegar hitinn er orðinn svona mikill hins vegar þá lokum við öllu til þess að halda svalanum inni því það er heitara úti en í húsinu. Yfir veturinn er aðalkyndingin okkar arinn sem er í eldhúsinu en einnig höfum við gaskyndingu í sjónvarpsherberginu og það dugir okkur fínt. Við erum með rafmagnsofna en þurfum sjaldan að nota þá nema kannski rétt til að taka mesta hrollinn áður en maður skríður undir sæng,“ segir Þórdís.

„Það er mjög gaman að fylgjast með lífinu hjá Spánverjum, sjá allar þessar fiestur og skrúðgöngur og annað sem því fylgir. Mér finnst líka gaman að sjá í eins litlum bæ og nágrannabærinn okkar Rafal, sem er svipaður að stærð og Ísafjörður, þar lokar lögreglan götunum í kringum skólann meðan börnin eru að koma í og úr skólanum. Þetta sér maður í flestum þorpum, þetta er gert bæði til að passa að enginn keyri á börnin og að þeim sé ekki stolið en því miður er svolítið um það úti á Spáni.

Svo hafa þeir alltaf siesta frá kl. 14-17 á daginn. Ef maður fer í bæinn á þeim tíma sér maður varla hræðu. En svo lifnar allt aftur við upp úr síðdeginu og það eru opnar verslanir til kl. 21,“ segir Þórdís.

„Aðalmáltíðin hjá þeim er kl. 14 og svo leggja þeir sig eftir

Ljósm: Ágúst G. Atlason.

Ljósm: Ágúst G. Atlason.

matinn og byrja svo aftur að vinna. Það er ekkert stress þarna eins og er hér, það er svo mikill hraði á Íslandi, eins og t.d. í Reykjavík þar sem menn hafa varla tíma til að stoppa á gatnamótum. En á Spáni er nógur tími til alls," segir Halldór.

„Við erum þarna átta mánuði á ári en erum sumrin á Íslandi, þá dveljum við að mestu leyti í sumarbústað okkar á Skarðseyri í Skötufirði í Djúpinu. Við höfum verið þar hvert einasta sumar frá því að við keyptum hann fyrir 24 árum," segir Þórdís.

„Það er fullheitt að vera þarna yfir sumarið, þegar hitinn getur farið yfir 40 stig. Þá kunnum við nú betur við okkur í sumarsælunni í Skötufirði. Báðir þessir staðir hafa mikið aðdráttarafl fyrir okkur, þegar fer að vora þá hlökkum við til að fara heim til Íslands. Svo þegar fer að líða að hausti kemur tilhlökkun að fara aftur til okkar heimilis á Spáni," segir Halldór.

– thelma@bb.is

Húsið þeirra á Spáni.

Þjóðhátíðardeginum fagnað

Þjóðhátíðardegi Íslendinga var fagnað með glæsilegri hátíðardagskrá í blíðskaparveðri á Ísafirði þann 17. júní. Dagskráin hófst með hinni hefðbundnu hátíðarmessu í Ísafjarðarkirkju. Laust fyrir klukkan 14 var gengið í skrúðgöngu frá Silfurtorgi að Eyrartúni þar sem hátíðardagskrá fór fram. Hófst hún með lúðraþyt lúðrasveitar TÍ. Sigurður Pétursson flutti hátíðarræðu dagsins og meðlimir úr Sunnukór og kirkjukór Ísafjarðarkirkju sungu nokkur lög. Að því loknu kom fjallkonan í ár, Anna Marzellíusardóttir, í fylgd skáta og lögreglu. Hátíðardagskránni lauk svo með söng, kór Menntaskólans á Ísafirði. Við tók barnadagskrá þar sem Morrinn og Fransína mús skemmtu ungviðinu en finna mátti ýmsa afþreyingu fyrir yngstu kynslóðina á hátíðarsvæðinu.

Hoppikastalar og trampólín voru í boði fyrir börnin en ásamt því fengu þau að fara á hestbak og öllum sem vildu gafst tækifæri á að taka vítaspyrnu á Róbert Örn Óskarsson, markvörð BÍ/Bolungarvíkur. Þá rigndi karamellum og metnaðarfullir kassabílasmiðir reyndu fyrir sér í kassabílarallý.

Klukkan 16 var Krambúðin í Neðstakaupstað opnuð gestum og gafst bæjarbúum tækifæri á að kíkja í heimsókn. Klukkustund seinna var Vestfjarðamyndin svo sýnd í Edinborg. Vel heppnuðum hátíðarhöldum lauk svo með rokktónleikum á Silfurtorgi þar sem hinn ungi rappari MC Isaksen steig fyrstur á svið. Hljómsveitin Brot tók nokkur vel valin lög og Biggibix mætti síðan á svæðið og spilað sín vinsælustu lög. Menntskælingarnir í Óminnishegrum enduðu síðan kvöldið eins og þeim einum er lagið. Meðfylgjandi myndir voru teknar á þjóðhátíðardaginn.

– kristjan@bb.is





Sorpi hent út um bílgluggann

Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa tekið eftir aukningu á sorpi við vegi Vestfjarða er þeir hafa verið við venjubundnar mælingar á vegbúnaði að undanförnu.

„Við höfum tekið eftir aukningu á verri veg, mest eru það dósir og flöskur sem fólk er að henda úr bílum sínum og alveg upp í barnableiur, “ segir starfsmaður Vegagerðarinnar. Hann bætir við að hér sé um slæma þróun að ræða þar sem áður virðist hafa verið sem meiri vitund um að sýna náttúru Vestfjarða virðingu á ferðalögum um fjórðunginn.

smáar

Til sölu er Peugeot húsbíll árgerð 1991, ekinn 150 þús. km. Uppl. í síma 897 4283 (Smári).

Til sölu eru eru fjögur Ground Hawk 38" á 12,5" breiðum álfelgum. Tilboð óskast. Uppl. í síma 894 4713 (Árni Þór).

Núverandi vegir í Mjóafirði og Kjálkafirði lagðir af við þverun

Möguleg þverun Kjálkafjarðar verður utan við leirurnar Mynd: Böðvar Þórisson /Framkvæmdafréttir.

Með göngum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar verður leiðin um Vestfjarðaveg stysta leiðin á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur en þau stytta leiðina um 27 km. Með fjarðarþverunum við norðanverðan Breiðafjörð eru áform um að stytta leiðina meira, þannig að hún verði að lokum aðeins rúmlega 400 km. Þetta kemur fram í framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar þar sem fjallað er um endurbætur á Vestfjarðavegi. Þar segir að í undirbúningi og í framkvæmd eru í miklar vegabætur á Vestfjarðavegi til að tengja saman byggðarlög og til að hægt verði að fara hringleið um Vestfirði á bundnu slitlagi, allan ársins hring. Eins og kunnugt er eru ennþá 138 km af malarvegum á Vestfjarðavegi og er sums staðar um erfiða fjallvegi að fara sem lokast auðveldlega að vetrarlagi.

Framkvæmdir við endurbyggingu Vestfjarðavegar á kaflanum frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði standa nú yfir og á þeim að ljúka á þessu ári. Vegarkaflinn byrjar við klæðingarenda við Eiði í Vattarfirði, liggur inn Kerlingarfjörð og yfir innsta hluta Mjóafjarðar, fyrir Litlanes, yfir leirur í Kjálkafirði og endar á núverandi vegi rétt utan við Þverá í Kjálkafirði. Reynt verður að nýta núverandi vegstæði eins og kostur er. Á núverandi vegi eru hins vegar alvarlegir vegtæknilegir ágallar. Aðal ágallarnir eru mjög krappar beygjur yfir Eiðið milli Vattarfjarðar og Kerlingarfjarðar og fyrir Litlanes. Sama gildir í raun um beygjurnar í botni Mjóafjarðar og Kjálkafjarðar. Endurnýja þarf brýr á Mjóafjarðará, Skiptá, Kjálkafjarðará og Þverá. Með það í huga og snjóavandamál innst í fjörðunum hefur verið skoðað að þvera fjarðarbotnana og stytta leiðir. Með styttingu leiða fækkar umferðarslysum.

Í Framkvæmdafréttum segir að við þverun Mjóafjarðar og Kjálkafjarðar verða núverandi vegir um fjarðarbotnana lagðir af. Við undirbúning framkvæmdarinnar hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á að áfram verði hægt að aka inn í fjarðarbotnana. Í Mjóafirði eru áform um að vegurinn austan fjarðarins að Mjóafjarðará fái að standa en að veginum að vestan verði lokað og vegsvæðið grætt upp. Í Kjálkafirði verður vegurinn vestan fjarðarins óbreyttur inn fyrir fjarðarbotninn og langleiðina út undir Skiptá að austan. Þaðan að nýja veginum verði veginum lokað og vegsvæðið grætt upp. Engar girðingar eru meðfram núverandi vegi og miðað er við að það verði óbreytt. Skoðað verður hvort ástæða er til að byggja áningarstað eða útskot við vegarkaflann. Ákvörðun um áningarstað eða útskot verður tekin í samráði við landeigendur og viðkomandi sveitarstjórn.

Tvær leiðir koma til greina við þverun Mjóafjarðar, veglínur A og B. Miðað við innri leið í Mjóafirði styttist vegurinn um 5,1 km en með ytri leið í Mjóafirði fengist 3 km stytting til viðbótar. Í ljósi markmiða Samgönguáætlunar hefur Vegagerðin meiri áhuga á að þvera Mjóafjörð í fjarðarmynninu samkvæmt veglínu A en að þvera fjörðinn í botni fjarðarins samkvæmt veglínu B. Nokkrar línur hafa verið skoðaðar við þverun Kjálkafjarðar. Veglínur við hólmann í botni fjarðarins myndu skerða töluvert af leirunni. Jafnframt skera veglínur þar mjög í sundur voga þverananna eða verða leidd um ræsi. Ræsahönnun hefur ekki farið fram en ræsi verða staðsett þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum á vori eða þegar úrkoma er mikil. Tekið verður mið af vídd ræsa í núverandi vegi. Hönnunarflóð ræsa og brúa mun miðast við 100 ára flóð.

Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar 2008 var umferðin um Vestfjarðaveg á viðkomandi vegarkafla 67 bílar á dag miðað við árdagsumferð, 136 sumardagsumferð og 20 bílar á dag í vetrardagsumferð. Hluti umferðarinnar fer með Breiðafjarðarferjunni Baldri yfir Breiðafjörð, milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Í gildi er samningur um rekstur ferjunnar. Hann rennur út 31. maí 2012. „Telja verður líklegt að samningurinn verði framlengdur þar til Vestfjarðavegurinn milli Þórisstaða í Þorskafirði og Þverár í Kjálkafirði telst til svonefndra heilsársvega. Gera má ráð fyrir að með Dýrafjarðargöngum muni hluti umferðarinnar að og frá Ísafjarðarsýslum fara í meira mæli um Vestfjarðaveg en verið hefur og dragi þá eitthvað úr umferð um Djúpveg,“ segir í fréttinni.

– thelma@bb.is

„Gnarrborg“ og Hrafnseyri

Stakkur skrifar

Stór hluti kjósenda í Reykjavík ákvað að reyna nýjan valkost í kosningum til borgarstjórnar hinn 29. maí síðastliðinn. Þar var boðið fram undir kjörorðinu Allskonar fyrir aumingja. Rétturinn til að kjósa í lýðræðislegri kosningu fulltrúa til að sitja í sveitarstjórnum og á Alþingi er mjög dýrmætur og þeir sem hann eiga, hljóta að hugsa sig vel um áður en þeir greiða atkvæði. Jón Gnarr Kristinsson, skemmtikraftur og persónuskapandi einhverrar sérstæðustu persónu sem sést hefur í sjónvarpi og á hvíta tjaldinu, og að mati margra hins fullkomna leiðinda gaurs, náði eyrum fólks með því að höfða til þess að gera allskonar fyrir aumingja. Jón náði eftirtektarverðum árangri. Að því loknu sneri hann sér að því að efna loforðin og samdi við Dag B. Eggertsson varaformann Samfylkingarinnar og myndaði með honum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Vonandi sá hann ekki í Degi uppfyllingu loforðsins um allskonar fyrir aumingja.

Nú mætti spyrja sig að því hvort Jón borgarstjóri ætti ekki að halda áfram á þeirri braut sem hann hóf með því að taka einn staf úr nafni sínu árið 2005 og taka enn einn úr og verða þannig Jón Narr. En að öllu gamni slepptu er Jón borgarstjóri sigurvegari kosninganna og þess sem á eftir kom. Spurningin er hvers hratt dagur gengur að kveldi í meirihlutanum. Um allt land hljóta sveitarfélög að bíða þess að Reykjavíkurborg efni loforð um að ættleiða róna og senda þá sína eigin í ættleiðingu til höfuðborgarinnar. Hitt er líka umhugsunarefni, óháð því hvort ísbjörn verður meðal íbúa Húsdýragarðsins á næstunni, hvernig stjórn borgarinnar verður. Það verður óneitanlega fróðlegt að fylgjast með hvernig gengur að stjórna höfuðborg Íslands næstu fjögur árin. Vonandi gengur það vel og húmorinn verði góður og allt bjartara en hefur verið. Því verður ekki neitað að niðurstaðan kom hinum hefðbundnu stjórnmálaflokkum á óvart. Það ætti því að vera þeim hvatning til þess að endurskoða sín innri mál á næstu árum og byggja upp traust við fyrri stuðningsmenn. Almenningur kynni að vera á villigötum og teljast vera skrýtinn og ómarkviss í kosningahegðun. En svo má brýna deigt járn að bíti segir máltækið. Kannski var fólki einfaldlega ofboðið eftir að hafa setið uppi með fjóra borgarstjóra á jafnmörgum árum.

Eftir tæpt ár eru liðin 200 ár frá fæðingu nafna borgarstjórans, þess sem fæddist á prestsetrinu við Hrafnseyri sem stendur við hinn fagra Arnarfjörð. Einhvern veginn komst sá misskilningur á kreik á æðstu stöðum að fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar frelsishetju á nítjándu öld væri einum firði norðar. Það er ekki rétt, en nafni hans Gnarr gekk í Núpsskóla í Dýrafirði, en það breytir ekki sögunni hvað sem síðar kann að gerast.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Costa Magica við ankeri út á Skutulsfirði.

Stærsta skemmtiferðaskip sumarsins

Stærsta skemmtiferðaskip sumarsins, Costa Magica, kom til Ísafjarðar í byrjun síðustu viku. Um borð í skipinu voru 2.734 farþegar auk áhafnar. Fjöldi ferðmanna fór í skipulagðar ferðir á vegum Vesturferða þegar komið var í land. Aðrir skoðuðu sig um í bænum á eigin vegum en samkvæmt upplýsingum frá Upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði, var mest spurt um söfn bæjarins sem og hvar hvalbeinið fræga væri.

Þeir sem fóru í skipulagðar ferðir á vegum Vesturferða fóru ýmist að skoða Ósvör og Bolungarvík, Flateyri, Skrúð í Dýrafirði, Vigur og Byggðasafn Vestfjarða þar sem ungmennaleikhúsið Morrinn tók á móti gestum. Costa Magica er um 102 þúsund brúttótonn að stærð og er gert út af ítölsku skipafélagi. Farþegarnir eru aðallega Þjóðverjar, Ítalir, Frakkar, Spánverjar og Englendingar.

Gríðarlega löng biðröð myndaðist í síðustu viku við Sundahöfnina á Ísafirði þegar ferðamenn af skemmtiferðaskipinu Costa Magica sneru aftur til skips eftir ánægjulegan dag í landi. Náði röðin frá flotbryggjunni þar sem léttabátar skipsins lögðu að og alla leið upp að Pollgötu. Ætla má að hátt í þúsund manns hafi beðið í röðinni þegar mest var. Röðin er sennilega með þeim lengstu sem sést hafa á Ísafirði.

Fiðrildagildra NAVE skemmd

Skemmdir voru unnar á mikilvægu rannsóknartæki í eigu Náttúrustofu Vestfjarða sem nota átti við rannsóknir á skordýralífi umhverfis Þiðriksvallavatn við Hólmavík. Að sögn starfsmanna NAVE hefur óprúttnum skemmdarvörgum þótt of freistandi að sjá fiðrildagildru sem staðsett er innan girðingar Orkubús Vestfjarða á Hólmavík og gripið til þess ráðs að grýta hana, líklegast með það að markmiði að brjóta dýra ljósaperu sem lokkar til sín fiðrildin. Fiðrildagildran var sett upp til að safna upplýsingum um hvaða skordýr eru á ferli á því svæði sem hún er.

„Þetta var dýr pera og gildran sérsmíðuð en þetta er þó mun alvarlegra en eingöngu fjárhagslegt tjón þar sem með þessu háttalagi verið að skemma rannsókn sem byggir á því að sýnum, í þessu tilfelli fiðrildum, sé safnað yfir langan tíma. Við ætlum okkur að vakta hvenær fiðrildi koma og í hve miklu magni eftir tegundum í nokkur ár eða áratugi og því er mjög slæmt að viðmiðunargögnin séu skemmd, maður fer ekkert aftur í tímann til að sækja þau aftur.“

Málið hefur verið tilkynnt til lögreglu og starfsmönnum Náttúrustofu þykir miður að ekki skuli vera hægt að stunda slíkar rannsóknir án þess að eiga á hættu að skemmdarvargar sjái sig knúna til að skemma. Upplýsingar um skordýr þessa fyrstu viku rannsóknarinnar eru því ónothæfar og er það mjög slæmt fyrir rannsóknina í heild sinni.

– thelma@bb.is

Á krossgötum

Birna Lárusdóttir.

Það er öllum hollt að staldra við, íhuga lífið og tilveruna og velta því fyrir sér hvort breytinga sé þörf. Sjálf er ég stödd á slíkum krossgötum – ég kveð nú bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eftir tólf ára setu og sný mér að öðrum verkefnum heima í héraði. Einhverjir hafa velt því fyrir sér hvers vegna ég kjósi að hætta - það liggur við að tíðindum sæti ef fólk hættir sjálfviljugt á þessum vettvangi nú á dögum. Svar mitt er einfalt: Tólf ár eru langur tími í bæjarmálunum - eðlileg endurnýjun verður alltaf að eiga sér stað svo grasrótin dafni vel.

Ég kveð framvarðasveit bæjarmálanna vissulega með söknuði en ég er þó fyrst og fremst sátt. Alltaf má gera betur og vafalítið reyndust einhverjar ákvarðanir rangar þegar litið er til baka. En í því margslungna umhverfi, sem vestfirskum sveitarfélögum er skapað, hafa náðst stórir áfangar í hagsmunabaráttunni á liðnum árum. Ný bæjarstjórn tekur við ágætu búi þótt vissulega hafi efnahagshrunið sett svip sinn á Ísafjarðarbæ líkt og önnur íslensk sveitarfélög. En fyrst og síðast hafa stöðugleiki og friður ríkt í bæjarmálunum síðastliðin tólf ár og af því er ég einna stoltust.

Ég var aðeins 32 ára þegar ég tók við sem oddviti sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ árið 1998. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar, verkefnin hafa verið fjölbreytileg og sjálf er ég komin hátt á fimmtugsaldurinn! En á þessum krossgötum eru það ekki verkin sem eru mér efst í huga heldur allt fólkið sem ég hef kynnst á vegferðinni. Bæjarfulltrúar, nefndafólk og starfsmenn bæjarins - listinn af frábærum einstaklingum er langur. Sumum hef ég kynnst vel en öðrum minna - þannig er gangur lífsins - en ég þakka ykkur öllum samstarfið.

Að öðrum ólöstuðum tel ég það hafa verið mitt helsta lán í bæjarpólitíkinni að hafa fengið að starfa með Halldóri Halldórssyni, fráfarandi bæjarstjóra. Hann er einn fremsti sveitarstjórnarmaður sem Íslendingar eiga, ótrúlegur málafylgjumaður og að mínu mati besti málsvari Vestfirðinga á síðari árum. Ég hef lært mikið af honum. Samstarf okkar hefur verið einstaklega gott - byggt á trúnaði og trausti. Fyrir það vil ég þakka.

Að lokum þakka ég íbúum Ísafjarðarbæjar fyrir samfylgdina á vettvangi bæjarmálanna – að vera kjörin í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í þrígang var mér mikill heiður og það er einlæg von mín að ég hafi staðið undir ábyrgðinni sem því fylgdi. Ég þakka innilega traustið sem kjósendur sýndu mér um leið og ég færi nýrri bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mínar hugheilustu óskir um farsæl störf í þágu okkar allra.

– Birna Lárusdóttir.

Smækkuð mynd af Herkastalanum

Marta Sif Ólafsdóttir hefur gert nákvæmt eftirlíkan af húsi Hjálpræðishersins á Ísafirði við nám sitt í listnámsdeild í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Bygging hússins, sem í daglegu tali þekkist sem Herkastalinn, hófst árið 1920. Það er 533 fermetrar að stærð auk 95 fermetra samkomusalar. Hjálpræðisherinn reisti húsið og árið 1922 var stofnsett í kjallara þess „gamalmennahæli“ og var það fyrsta dvalarheimili aldraðra á Íslandi. Síðar rak Hjálpræðisherinn um áratuga skeið gisti- og sjómannaheimili í húsinu en um tíma var þar einnig heimavist Menntaskólans á Ísafirði. Öflugt safnaðarstarf var rekið í húsinu um margra áratuga skeið.

Vildi sýna hvað húsið getur verið fallegt

Marta, sem betur er þekkt sem tónlistarkonan Mysterious Marta, bjó um tíma á Ísafirði og segist hafa sterkar taugar til staðarins. Það er því ekki að undra að ísfirskt hús yrði fyrir valinu þegar gera átti smækkaða eftirmynd af húsi.

„Sérsviðið í náminu mínu er hönnun og handverk og eitt verkefnið var að gera líkan eftir fyrirmynd af húsi og mig langaði til að taka fyrir Herkastalann þar sem mér hefur alltaf fundist það vera svo skemmtilegt hús. Mér finnst svo leiðinlegt að sjá hvað það er í mikilli niðurníðslu að mig langaði til að sýna hvað það getur verið fallegt,“ segir Marta aðspurð af hverju Herkastalinn varð fyrir valinu. „Ég fékk teikningar af húsinu sem ég smækkaði svo.“

– Hve langan tíma tók líkansmíðin?

„Þetta tók rúma hálfa önn og undir lokin var maður sveittur dag og nótt við að klára því maður fann alltaf einhver smáatriði sem maður gat bætt við.

– Úr hverju er líkanið gert?

„Það er aðallega unnið úr pappa, plexigleri, frauðplasti og vír og svo bara öllu sem mér datt í hug að nýta.“

– Hvað verður svo um líkanið?

„Það er bara heima eins og stendur en ég gæti alveg hugsað mér að selja það ef einhver hefur áhuga. Mér finnst að það eigi heima á Ísafirði en það kemur bara í ljós hvað verður um það.“



Marta Sif Ólafsdóttir.

Tveir góðir réttir

Sælkeri vikunnar býður upp á ljúffengan ofnbakaðan fiskrétt með austurlenskum blæ og fljótlegan og hollan kjúklingarétt sem inniheldur m.a. sólberjadjús.

Karrý- og kókosfiskur
1 kg fiskflök
1 stk rauðlaukur
3-4 stk gulrætur
1 stk paprika rauð
6-8 stk sveppir
½ dós kókosmjólk
½ stk sítróna
2 msk kókosmjöl
1½ tsk karrý
Salt og pipar
Ostur
Ólífuolía

Smyrjið eldfast fat með olíunni. Roð og beinhreinsið fiskinn, skerið í bita og raðið í fatið, dreypið sítrónusafa yfir fiskinn. Kryddið með salti og pipar. Grænmetið saxað fremur gróft og stráð yfir fiskinn. Hrærið karrýduftinu í kókosmjólkina og hellið yfir fatið. Rífið vel af góðum osti yfir og að síðustu er kókosmjöli stráð yfir ostinn. Bakið í ofni við 180° hita í u.þ.b. 30 mín. Berið fram með hrísgrjónum, og fersku salati.

Sælkerinn

Fljótlegur og hollur kjúklingaréttur
4 kjúklingabringur
1 dl sólberjadjús
2 dl vatn
2 kjúklingateningar
1 dós sýrður rjómi
1 msk soja
10 einiber, kramin
1 tsk timjan

Kjúklingurinn er steiktur á pönnu. Svo er öllu hinu bætt út í, sósujafnara bætt við ef fólk vill. Borið fram með hrísgrjónum.

Ég skora á Brögu Ósk Bragadóttur á Ísafirði til að koma með uppskrift í næsta blaði.



Sælkeri vikunnar er Guðrún Guðmndsdóttir í Önundarfirði.

Anna Marzellíusardóttir við úthlutun úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands.

Ísfirskur afburðarnemandi fær styrk

Ísfirðingurinn Anna Marzellíusardóttir, dúx Menntaskólans á Ísafirði í ár, er ein þeirra sem fékk úthlutað úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands við hátíðlega athöfn í skólanum í síðustu viku. Veittir voru tólf styrkir til afburðarnemenda sem hefja nám við Háskóla Íslands næsta haust. Um er að ræða styrki til nemanda sem náð hafa framúrskarandi árangri á stúdentsprófi og innritast í Háskóla Íslands. Hver styrkur nemur 300.000 krónum auk niðurfellingar skráningargjalds, sem eru 45.000 krónur. Anna Marzellíusardóttir útskrifaðist með hæstu einkunn á stúdentsprófi úr Menntaskólanum á Ísafirði nú í vor en hún fékk 9,57 í meðaleinkunn. Þykir það afar góður árangur og er með bestu einkunum sem dúxar skólans hafa hlotið en leið hennar liggur í líffræði við HÍ í haust.

Þetta er í þriðja sinn sem styrkir eru veittir úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands en sjóðurinn var stofnaður árið 2008 og er markmið hans að styrkja nýnema til náms við skólann. Styrkirnir í ár eru veittir með stuðningi Happdrættis Háskóla Íslands. Alls bárust 69 umsóknir um þá tíu styrki sem auglýstir voru til umsóknar. Samkeppnin var hörð þar sem um mjög marga framúrskarandi nemendur var að ræða. Í ljósi þessa ákvað Háskóli Íslands að fjölga styrkjunum í tólf. Af þeim tólf styrkhöfum sem hljóta styrk úr sjóðnum í ár eru sex dúxar og tveir semidúxar.„ Það er mikill fengur að því fyrir Háskóla Íslands að fá svo góða nemendur í sínar raðir,“ segir í tilkynningu.

Við val á styrkhöfum var litið til afburðaárangurs á stúdentsprófi en einnig voru lögð til grundvallar sjónarmið um virkni stúdents í félagsstörfum í framhaldsskóla auk árangurs á öðrum sviðum, svo sem listum eða íþróttum. Þeir tólf nemendur sem valdir voru úr hópi umsækjenda koma úr sex framhaldsskólum, sækjast eftir inngöngu í tíu ólíkar námsleiðir. *– kristjan@bb.is*

Beint flug allt að 160 sinnum í viku til 27 áfangastaða.
+ Bókaðu flug á www.icelandair.is
APÉRIT
DE
MARQUE
TÉLÉPHONE
Paris-Province
38-50
ÞEGAR VIÐ FERÐUMST
LÆRUM VIÐ SVO MARGT
TIL DÆMIS AÐ MAÐUR ÞARF EKKI AÐ ÞEKKJA
FÓLK TIL ÞESS AÐ VERA KURTEIS VIÐ ÞAÐ.
Það er oft sagt um Íslendinga að þeir séu ekki
með mannasiðina á hreinu. Þeir séu lélegir
í að kynna sig og aðra, grípi fram í fyrir fólki.
Frakkar segja að við kunnum ekki að heilsa, að
við sjúgum upp í nefið, að við rekum út úr okkur
tunguna þegar við segjum þ. Þetta vitum
við af því að við ferðumst. Það þýðir samt
ekki að við viljum endilega breytast.
En það er sama hvert við ferðumst,
hversu langt, hvenær við komum til baka:
ÍSLENSKA SIA.IS ICE 49714 07/10
VIÐ ERUM FRÁ ÍSLANDI
ICELANDAIR